

# Pési



## Lesið þetta

- Sveitarstjóraspall
- Auglýsingar
- Fjallskil
- Uppskeruhátíð
- Félagsmiðstöðin

**Næsti Pési kemur út 13.sept.Skil á efni er 6. sept.**

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Landbúnaðarmál	3
Landbúnaðarnefnd	8
Uppskeruhátíð	12
Zero	14

**Ágúst 2010**

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

20. árgangur. 240. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími. 480 6600



Ný hreppsnefnd Hrunamannahrepps ásamt nýráðnum sveitarstjóra

Sveitarstjóri er Jón G. Valgeirsson og hreppsnefndina skipa Ragnar Magnússon, sem er oddviti, Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Unnsteinn Logi Eggertsson.

## Sveitarstjórapistill

Það er dálítið skrýtin tilhugsun að setjast niður og skrifa pistil í Pésann okkar. Bæði er að nokkuð erfitt er að fara í fötin af fráfarandi sveitarstjóra, hvað þetta varðar og kannski almennt, og einnig að spá í hvernig þessi fréttaveita okkar þróast. Ég er búinn að lofa að skrifa mánaðarlegan pistil um það sem mér býr í brjósti en maður er enn að melta það hversu mikill fréttamaður maður verður. Það er alltaf sérstakt að byrja að vinna á nýjum stað í nýrri vinnu og því fylgja blendnar tilfinningar. Búið er að mynda tengsl á gamla staðnum, það þarf að rífa fjölskylduna upp og einnig að koma sér fyrir á nýjum stað. Hins vegar hefur þessi breyting verið auðveldari en margar aðrar því að vissu leiti er maður að koma aftur heim en þó vonandi ekki sem glataði sonurinn eins og segir í þeirri góðu bók. Þó maður hafi nú aðallega verið búsettur á Suðurlandinu og miðunum í kring síðustu árin þá hefur nú annað augað alltaf hvílt hér. Að minnsta kosti hefur mér verið tekið afskaplega vel og móttökurnar verið frábærar, bæði hjá sveitarstjórn, starfsfólki og öðrum íbúum. Næsta skref er því að flytja alfarið með fjölskylduna upp í Hrepp sem ætti að gerast fljótlega. Mín tilfinning er sú að þetta samfélag okkar hér sé í nokkuð góðu jafnvægi og fólk sé einhuga um að hugsa hlutina út á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Sveitarfélagið á kannski ekki óþrjótandi fjármuni til að gera allt mögulegt og ómögulegt en hins vegar verður sú staðreynd til þess að íbúar í sveitarfélaginu verða að vera virkir og taka þátt í uppbyggingu á samfélaginu á eigin forsendum og móta það þannig sem betra samfélag. Það er raunin hér því það er ótrúlegur fjöldi fólks hér í sveit sem vinnur að félagsstörfum og öðru sem stuðlar að betra og skemmtilegra samfélagi. Veit ég að það er litið upp til okkar Hreppamanna hvað þetta varðar. Með augum gestsins sem hefur ekki búið hér í 22 ár hafa orðið gífurlegar breytingar á sveitarfélaginu. Það helsta sem er óbreytt er að þakið á skólanum getur víst enn lekið. En að því slepptu er mikil gróska í gangi og mín tilfinning er sú að Hreppurinn okkar og Flúðir séu núna svolítið í „tísku“ einhverra hluta vegna. Ég held að það stafi m.a. af því að hér er að skapast miðstöð landbúnaðarframleiðslu á Íslandi og framþróunar á því sviði. Það hefur nefnilega orðið vitundarvakning á því að kannski sé ráð að við séum sjálfum okkur næg með hollan og góðan mat. Þá tengist þetta umræðunni um nýtingu á orkunni. Sú umræða hefur að vísu farið nokkuð um víðan völl en víst er að möguleikar okkar hreppamanna eru mjög miklir á því sviði. Hins vegar hefur þess misskilnings gætt að allt sé falt hér í sveit en svo er ekki. Við eigum einfaldlega mjög spennandi orkufyrirtæki sem er Hitaveita Flúða og það er okkar hagsmunamál að hún vaxi og dafni í okkar þágu en ekki annarra. Þess vegna eru fyrirtæki í sambandi við sveitarfélagið um að koma hér upp starfssemi, ótengd virkjunarumræðunni, einfaldlega af því að það er spennandi að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem hér á sér stað. Við þurfum síðan að passa upp á að slík starfssemi falli að ímynd svæðisins. Við eigum því að líta bjartsýn fram á veginn og muna að það er líka gott að búa í Hrunamannahreppi, ekki bara í Kópavogi !!

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri

**Landbúnaðarnefnd Hrunamannahrepps** ætlar að standa fyrir vegagerðará-taki inn á afrétti helgina 14 og 15. ágúst.

Til stendur að laga veginn á Mosöldu og Skyggingshólum og hækka upp veginn á Merarskeiði.

Nefndin auglýsir eftir aðilum með traktora og sturtuvagna, hefil og gröfum í verkið.

Greitt verður fast gjald fyrir hvert tæki og kvöldmatur og kaffi í boði og gisting í skála fyrir þá sem það vilja.

Þetta átak er gert í samstarfi við **ÁSÆL** en félagar ætla að fara um helgina inn í Fosslæg með gám og koma honum fyrir. **ÁSÆLS-** félagar þurfa að fara með 2 gröfur og sturtuvagna í verkið og ætla svo að vera með í vegagerðinni.

**Landgræðslufélag Hrunamanna** fékk slægjur í Skyggfir og er búið að setja heyið í stórbagga. Leyfi fékkst frá MAST til að fara með þetta hey inn á afrétt til uppræðslu. Nú þarf að koma heyinu innúr en hluti af því verður sett meðfram væntanlegum nýupphækkuðum vegi á Merarskeiði og hluti í rofabörð.

Okkur langar að biðja sömu aðila sem fara innúr með tóma sturtuvagna í vegagerðarátakið, að taka með sér fullan vagn af stórböggum inn á Merarskeið.

Í næsta þurrki ætlum við að heyja meira í Skyggfir og setja í rúllur og fara með innúr og óskum við eftir sjálfboðaliðum á vörubílum og vögnum í það verk.

Rúllunum verður svo dreift í rofabörð næsta vor.

Þeir sem hafa áhuga á að vera með hafið samband við Jón Viðar s. 898-1468 eða Esther 865-8761



“Íbúðabyggðin” á tjaldsvæðinu um Verslunarmannahelgina. Ljósmynd: SigSigm<sup>3</sup>

## Frá Þjóðhátíðarnefnd

Að venju var 17. júní haldinn hátíðlegur í Hrunamannahreppi að þessu sinni í blíðskaparveðri. Fastir liðir eins og 17. júní hlaup og kassabílarallý voru á sínum stað en að þessu sinni var sundlaugarfjör endurvakið og mæltist það vel fyrir. H- lista og A- lista fólk keppti og lauk viðureigninni með sigri H- lista fólks. Skúli unglíngahreyfing björgunarsveitarinnar bauð einnig upp á kassaklifur að venju. Þjóðhátíðarnefnd þakkar öllum sem áttu þátt í að gera þjóðhátíðardaginn eins vel heppnaðan og raun bar vitni. Sérstakar þakkir fær Arni Hjaltason á Útlaganum sem á heiður skilið fyrir að hafa lánað hljóðkerfi til skemmtunarinnar árum saman án endurgjalds.

## Úrslit í 17. júní hlaupi

### Strákar eldri flokkur. Stelpur eldri flokkur. Strákar yngri flokkur.

Óskar Trausti	Andrea	Árni Dagur
Breki	Karen	Máni Snær
Einar	Þórdís	Viktor Logi

### Stelpur yngri flokkur . Kassabílarallý Yngri flokkur

Sigríður	<b>1. sæti Mitsubisi</b>	<b>2. sæti Apinn</b>
Árdís Lilja	Hörður	Hannibal Sindri
Katrín	Gabriel	Anton Gunnlaugur
	Heiðar	Einar

<b>3. sæti Íslenska þruman . Eldri flokkur</b>	<b>1. sæti Sprettur</b>	<b>2. sæti Pristurinn</b>
Óskar	Ómar	Selma
Tobías	Óskar Trausti	Guðrún
Svava Lovísa	Einar	Jóhanna

## Eldri Flokkur

### Kassaklifur

<b>Stelpur</b>	<b>Strákar</b>
Alexandra 26 kassar	Helgi Valdimar 20 kassar
Katrín Jóna 18 kassar	Jón Gunnar 19 kassar
Guðleif Erna 17 kassar	

---

## Íbúð til leigu!

Unnarholt: Efri hæð í íbúðarhúsi. Stofa, eldhúsi, 2 svefnherbergi og baðherbergi. Íbúðin var standsett árið 2005 og er í toppstandi. Eikarparket. Alno eldhúsinnrétting (hvít). Steinflísar á eldhúsi og forstofu. Baðherbergi með sturtuklefa. Verönd.

Við höfum áhuga á því að setja íbúðina í vetrarleigu t.d. frá september og út maí (eða eitthvað nálægt því). Til greina kemur að einhver hús gögn fylgi með íbúðinni.

Guðrún Árnadóttir  
viðsk.fr. og lögg.fasteignasali      Gsm: 840-4044

## Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjössi.

*Með von um gott samstarf  
Starfsfólk Flúðaleiðar*

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði  
*Andlitsbað Húðhreinsun*  
*Litun og plokkun Handsnyrting*  
*Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir*  
*Tímabantanir í síma 566-8342*  
*og 856-1599(Hlíf)*

## Bændur athugið

Körfuknattleiksdeild UMFH stendur til boða sama fjáröflun og undanfarin ár. Þ.e.a.s. að safna hólkum undan rúlluplasti. Fjáröflunin er mikilvægur liður í starfsemi körfuknattleiksdeildarinnar og því biðjum við ykkur að halda þeim til haga. Um mánaðarmótin september-október keyrum við á bæina og söfnum hólkunum saman. Með fyrirfram þökk.

Körfuknattleiksdeild UMFH

---

### Heillaskeyti og Minningarkort.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur á boðstólum heillaskeyti og minningarkort

til þeirra sem vilja senda kveðju og um leið styrkja Landsbjörgu eða einhverja einstaka aðildarsveit.

Hægt er að fara inná heimasíðu Landsbjargar, [www.landsbjorg.is](http://www.landsbjorg.is) eða hringja á skrifstofu félagsins í síma 570-5900 til að ganga frá skeyti eða korti. Taka þarf fram hvaða sveit þú vilt styrkja og hvað mikið.

Með kveðju Björgunarfélagið Eyvindur.

---

### Fótsnyrting - mánudaginn 23.ágúst

Verð næst í Heimalandi **mánudaginn 23.ágúst**. Ath. breyttan dag !!

Þetta verður í síðasta skipti sem ég mun bjóða upp á fótsnyrtingu þar sem aðstæður mínar eru að breytast og ég mun flytjast búferlum til Noregs 28.ágúst nk. og hef ráðgert að búa þar í minnst eitt ár.

Vinsamlega pantið tíma í síma 567 7667 eða gsm 849 7619

Bestu kveðjur

Hafdís fótaaðgerðafræðingur

*Skrifstofa Hrunamannahrepps*

*Sumaropnun hreppsskrifstofu*

*Mánudaga til fimmtudaga:*

*09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09-12:30*

# MÚRBÚÐIN

Smíðjustíg 6 Flúðum

Opið alla virka daga frá. 09:00-18:00

og laugardaga frá: 10:00-14:00

### **Frystikista/Frystiskápur óskast**

Ekki vill svo til að einhver eigi frystikistu eða frystiskáp, sem hann þarf að losna við? Ef svo er hafðu þá samband við mig í síma:

821 6684 eða 486 6684

Hanna Sigga

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**



### **Hár-Hrun**

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

### **Atvinna - atvinna.**

Okkur vantar starfsfólk, konur eða karla í fiskþurrkun.

Aðeins duglegt og áreiðanlegt fólk kemur til greina.

Flúðafiskur ehf.

S: 864-2184, Margrét.

896-6098, Gunnar.

Íbúð til leigu!!

Til leigu 61,4 fm íbúð á Flúðum.

Upplýsingar hjá sveitarstjóra í síma 480 6600

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrúna-

mannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði

(næst 14. sept um kl. 14:00)

### **Sundlaugin á Flúðum.**

Opnunartími frá 16. ágúst.

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00

Frá Landbúnaðarnefnd.

Fé frá 13 bæjum er á afréttinum þetta árið. Þessir 13 bæir eiga 2535 kindur en samtals eru 3849 vetrarfóðraðar kindur í sveitinni allri á alls 24 bæjum.

Leitir árið 2010 skiptast svona:

Auðsholt 1, Vignir.....	3
Auðsholt 2, Grímur.....	1
Auðsholt 4, Steinar.....	10,5
Grafarbakki 1.....	5
Haukholt 1.....	8
Hrafnkelsstaðir 1.....	5,5
Hrepphólar.....	5
Miðfell 2, Einar.....	1
Núpstún.....	1
Skipholt 3, Bjarni .....	3,5
Skipholt 1, Karl.....	1
Syðra-Langholt.....	1
Unnarholtskot.....	1

Fjallskilafundur verður haldinn í Félagsheimilinu mánudagskvöldið 23. ágúst kl. 20.30 og eiga þá bændur að vera búnir að senda inn nöfn smala til formanns Landbúnaðarnefndar. Leggjum til að þeir sem hafa fleiri en eina leit leggi til að minnsta kosti einn smala í eftirsafn.

Fjallskilasjóður útvegur hey og verður með heitan kvöldmat fyrir allar leitir.

Fjallkóngur er Steinar Halldórsson.

Norðurleit fer af stað föstudaginn 3. september.

Suðurleit fer af stað frá Kaldbak laugardaginn 4. september kl 12.00.

Þeir sem aðrar leiðir fara ætli sér sama tíma.

Fjallmenn komi farangri sínum á viðkomandi trússara:

Suðurleit til Emils á Grafarbakka og norðurleit til Eiríks á Grafarbakka.

Ætlast er til að skrinur, pokar og töskur verði vel merktar.

Hrunaréttir hefjast kl. 10.00 föstudaginn 10. september.

Eftirsafn leggur af stað 10-14 dögum eftir réttir.

Bannað er að sleppa óskilafé í Launfitjargirðingu eftir réttirnar.

*Landbúnaðarnefnd Hrunamannahrepps: Esther, Bjarni Valur og Jón Viðar.*





**BÓKASAFN** Sumaropnun til 31. ágúst:

# Frá Bókasafni Hrunamanna



**BÓKASAFN**

**Mánudaga Kl. 20-21**

**Priðjudaga Kl. 16-18**

**Miðvikudaga Kl. 16-18**

**Vetraropnun frá 1. september:**



**Mánudaga Kl. 20-21**

**Priðjudaga Kl. 16-18**

**Miðvikudaga Kl. 16-18**

**Fimmtudaga Kl. 16-18**

Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Nýtið ykkur „Mínar síður“ í Gegni til að sjá skiladag, framlengja og fleira.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund **J**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

**Samkaup** **strax**

## Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 09:00-19:00

**Laugardaga** 10:00-19:00

**Sunnudaga** 10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.



# FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



**Sími 893 1462**

**8 farþega bíll**



**Fjallaraf**  
sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**

Rafræðingur Lóggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

---

## Til sölu

Ungbarnarúm með springdýnu (frá versl. Ólavíu og Oliver) og skipti-kommóða (frá BabySam) úr hvíttaðri eik.

Einnig til sölu ungbarna ruggustóll (Graco).

Nánari upplýsingar í síma 8646639

# Landbúnaðarverslun

Sendum með  
mjólkurbílnum



## Þvottarefni fyrir..

mjólkurtanka, mjaltakerfi, mjaltapjóna, eldhúsið og þvottahúsið



Rafgirðingarefni



Skeifur  
og fjaðrir

Sleipiefni og  
litaspray  
fyrir  
sauðburðinn



Sjón er sögu ríkari

Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss

Sími 480 5600  
landstolpi.is

## Uppskeruhátíð í Hrunamannahreppi 2010

Eins og fram hefur komið í Pésanum verður efnt til Uppskeruhátíðar **laugardagurinn 18. september**. Markmið með uppskeruhátíð er að kynna fjölbreytta þjónustu og vekja athygli á „Matarkistunni Hrunamannahreppi“

Hugað verður að uppskeru í víðum skilningi þ.e. matvæli, handverk, listir, menning og mannlíf.



Allir sem hafa áhuga á að taka þátt í Uppskeruhátíðinni á einhvern hátt eru hvattir til þess að gefa sig fram. Fyrirhugað er að hafa stóran sölu- markað í félagsheimilinu og að svo verði opin hús og uppákomur um alla sveit eftir því sem hentar á hverjum stað. Hverjum og einum er frjálst að koma með hugmyndir og framkvæma, en öllu verður safnað saman í heildardagskrá og kynnt sameiginlega.

Á markaðnum í félagsheimilinu gefst íbúum kostur á að selja sína framleiðslu, matvæli og handverk úr heimabyggð. Þeir sem vilja tryggja sér pláss þar hafi samband við

Esther [estherg@centrum.is](mailto:estherg@centrum.is) sími: 486 6590 og 865 8761

Þeir sem vilja hafa opið hús eða efna til einhvers konar uppákomu eru beðnir um að hafa samband við Ásborgu [asborg@ismennt.is](mailto:asborg@ismennt.is) , sími. 898 1957.



Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3

**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Héðins-  
götu 1-3 sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl.

13:00, Á Selfossi hjá Húsa-  
smiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum  
eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán



## Frá félagsmiðstöðinni Zero

Nú þegar líður að upphafi nýs starfsárs viljum við þakka öllum þeim sem tóku þátt í starfi síðasta vetrar en þátttakan var langt umfram væntingar.

Einnig viljum við þakka húsvörðunum Stefáni, Hjalla og Mumma, starfsmönnum Flúðaskóla, áhaldahússins og skrifstofu hreppsins kærlega fyrir samstarfið og einstaka greiðvikni.

Kaffihúsinu Grund, Kaffi-Sel og Kvenfélagi Hrunamanna þökkum við fyrir kærkomna styrki til uppbyggingar starfseminnar á fyrstu starfsárunum! Áfram heldur listinn og nú er komið að Foreldrafélagi Flúðaskóla og Björgunarfélaginu Eyvindi, en bæði félögin komu að gæslu í almennu starfi og á viðburðum, þökkum við þeim fyrir samstarfið og sömuleiðis öllum þeim sem unnu við gæsluna!

Með foreldrafélaginu héldum við einnig grímuball, sem reyndist bráðsniðug og skemmtileg hugmynd og vonandi verður framhald á.

### Opnunartímar í vetur

<i>23.-31. ágúst</i>	<i>frá 1. september</i>
Mánudaga kl. 15-18	Mánudaga kl. 15-18
Þriðjudaga kl. 15-18 / 20-22	Þriðjudaga kl. 15-18 / 20-22
	Miðvikudaga kl. 11-13 / 15-18 / (18-21)*
	Fimmtudaga kl. 15-18 / 19-22
	Föstudaga kl. 12-18** / 20-23***

\* 10-12 ára, auglýst sérstaklega

\*\* annan hvern föstudag

\*\*\* 1x á mánuði fyrir 13-16 ára / 1x á mánuði fyrir 16+

### Nokkrir viðburðir á næstunni:

**Opunarflipp**, 23. ágúst kl. 15:00

Grill, tónlist og útileikir

**Kynningarfundur**, 2. september kl. 19:00 í Flúðaskóla.

*Staðsetning:* Flúðaskóli

Kynning fyrir unglíngana á starfi vetrarins og svo munu frambjóðendur til unglíngaráðs halda framboðsræður. Akstur frá Árnesi og Brautarholti, heimferð kl. 20:00

**Kynning á Stíll**, 3. september kl. 16:00

*Staðsetning:* félagsmiðstöðinni

Kynning á fatahönnunar, förðunar og hárgreiðslukeppni Samfés, Stíll og ákveðið hvort Zero taki þátt í ár.

**Kynningarfundur fyrir foreldra**, 6. september kl. 20:30

*Staðsetning:* Félagsheimilið Brautarholti

Farið yfir helstu atriði og áherslur í vetrarstarfinu og starfsemi félagsmiðstöðva ásamt umræðum í lokin. Kaffiveitingar ;)

### Frístundastrætó

Eins og áður verður akstur á milli Árnass, Brautarholts og Flúða vegna kvöldopnanna á fimmtudögum. Einnig er skipulagður akstur í kringum stærri viðburði *Hægt að fylgjast með áætlun hvernar viku ásamt öðru starfi Zero á [zero.fludir.is](http://zero.fludir.is)*

### Ungir tónlistarmenn athugið!

Á uppskeruhátíð Hrunamanna 18. september ætlar félagsmiðstöðin að standa fyrir dagskrá fyrir ungt fólk, unna af ungu fólk.

Skemmtilegt væri að safna saman ungu tónlistarfólki úr eða tengt sveitinni og vera með tónleika eða annarskonar uppákomu

*ATH! Að vera talinn ungur er hugarfar ekki aldur á skilríkjum!*

**Þeir sem hafa áhuga á að koma fram eða koma að framkvæmdinni á annan hátt geta haft samband við Hjalta í síma 486-1836 eða 865-8151 og í gegnum netfangið [hjalti@fludir.is](mailto:hjalti@fludir.is)**

### Námskeið – Ungt fólk í Evrópu

Í haust mun ungu fólk og þeim sem starfa í æskulýðsstarfi standa til boða námskeið þar sem kynnst má styrkjaáætlun Evrópusambandsins og hvernig má nálgast fjármagn þaðan. Einnig verður farið í tækni í skipulagningu og framkvæmd verkefna, viðburða og annars æskulýðsstarfs og reynt að þróa nokkur verkefni með þarfir svæðisins í huga. Nánar auglýst síðar.

Í haust verður opnuð ný og endurbætt vefsíða með ítarlegum upplýsingum um félagsmiðstöðina og dagskrá hvers mánaðar. Þar verður einnig að finna árskýrslur fyrri ára.

Um miðjan september verður gefinn út bæklingur þar sem finna má upplýsingar um starfsemi Zero og annað frístundastarf á svæðinu.

Njótíð síðustu sumardagana,

Hjalti Sigurðsson, forstöðumaður Zero



Verðlaunahafar í Traktortorferu 2010

Ljós: SigSigm



Kristín Eva og Jóhanna Bríet með jarðarberjauppskeru í Silfurtúni . Ljós: SigSigm